

## Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 3. mars, var haldinn 111. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir, Þráinn Árni Baldvinsson, Björn Gíslason og Hildur Oddsdóttir. Einnig voru viðstödd: Sólveig Reynisdóttir, Framkvæmdastjóri ÞÁG, Helga Brvndís Einarsdóttir, áheyrnarfulltrúi Ungmennaráðs og Matthildur Stefánsdóttir, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Leiðarkerfisbreytingar Strætó bs.  
Umræðum framhaldið frá fundi 110.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Árbæjar lýsir yfir vonbrigðum með þær breytingar sem Strætó bs gerði á leiðarkerfi sínu um áramótin og lúta að samgöngum í Árbæjarhverfi. Þótt ýmislegt jákvætt megi finna í leiðarkerfisbreytingunum, s.s. tíðari ferðir til og frá hverfinu, er ljóst að breytingarnar skerða samgöngur innan hverfisins og draga úr möguleikum fólks til þess að taka þátt í félags- og íþróttastarfi í mismunandi hverfishlutum. Hverfisráð telur mikilvægt að þegar breytingar sem þessar eru gerðar sé horft sérstaklega til eftirfarandi þátta:

- Tryggja þarf að breytingar á leiðakerfinu verði kynntar með eðlilegum fyrirvara fyrir hverfisráði, íbúum og hagsmunaaðilum í hverfinu. Breytingarnar taki mið af samgönguþörfinni innan hverfisins og draga ekki úr möguleikum hverfisins að virka sem ein heild.
- Tímatafla Strætó bs taki mið af skipulagi skóla- íþrótt- og félagsstarfs í hverfinu.
- Skerðing á akstri um Ártúnsholt og Hraunsás verði endurskoðuð.

2. Betri hverfi 2015  
Niðurstöður kosninga kynntar.
3. Hverfisskipulag  
Umræður.
4. Önnur mál.
  - a. Stytting vinnuviku Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts.  
Kynning.
  - b. Sameining félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í austurbyggð.  
Kynning.
  - c. Minningartónleikar um Svandísi Þulu í Norðlingaskóla. Kynning

**Fundi slitið kl. 17:58**

Porkell Heiðarsson

Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir  
Björn Gíslason

Þráinn Árni Baldvinsson  
Hildur Oddsdóttir